

Alþingi  
Erindi nr. P 135/3104  
komudagur 13.8.2008



Alþingi  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 8. ágúst 2008

**Efni: Frumvarp til skipulagslaga, 374. mál, frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, 376. Mál, flutningur verkefna Brunamálastofnunar o.fl.**

Samtökum iðnaðarins (SI) hefur borist til umsagnar drög að nefndarálitum og drög að breytingartillögum vegna frumvarpanna.

1. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála skv. 52. gr. frumvarps til skipulagslaga

Nefndin leggur til að ráðherra verði heimilt að leggja á kærugjald og tilgreina fjárhæð þess í reglugerð. Tilgangurinn með ákvæðinu er að takmarka fjölda mála sem send eru til úrskurðarnefndarinnar. SI styðja þetta kærugjald en leggja áherslu á að gjaldinu verði í hóf stillt.

2. Gildissvið frumvarps til laga um mannvirki, 2. gr.

Umhverfisnefnd leggur til að lögin nái ekki yfir lyftur og lyftubúnað þar sem eftirlit með þeim búnaði sé nú í höndum Vinnueftirlitsins og að færsla þessa verkefnis frá Vinnueftirlitinu hefði í för með sér tekjumissi án þess að hægt yrði að fækka starfsmönnum. SI telja að með þessu sé hætt á að sú einföldun og sparnaður sem felst í að hafa allt eftirlitið á einni hendi náist ekki. Hins vegar styðja SI þá tillögu að vatnsúðunarkerfum og slökkvikerfum sé bætt inn í upptalningu 2. gr.

3. Stjórn mannvirkjamála skv. 4. gr. laga til frumvarps um mannvirki

SI leggja áherslu á að eftirlitið verði á einni hendi og að raffangaeftirlitið verði fært frá Neytendastofu til Byggingastofnunar. Að mati SI er ekki rétt að Neytendastofa hafi tekjur umfram kostnað vegna raffangaeftirlits upp á 78 milljónir króna. Rétt er að laga gjaldið að kostnaði.

4. Umhverfisnefnd leggur til nýja grein eftir 6. gr. sem heitir „Byggingarnefndir“

Umhverfisnefnd leggur til að bætt verði inn í lögin ákvæði er heimili sveitarstjórnnum að starfrækja bygginganefndir sem fjalla um byggingarleyfisumsóknir áður en byggingafulltrúi gefur út byggingaleyfi að fengnu samþykki sveitarstjórnar. SI leggja gegn þessari tillögu. Mikil hætt er á að áfram verði misræmi milli sveitarfélaga við afgreiðslu þessara mála sem vonir stóðu til að yrði bætt úr með frumvarpinu með því að fela Byggingarstofnun útgáfu byggingaleyfa.

5. Breytingartillaga er varðar byggingaleyfi vegna virkjanna, 8. gr. frumvarpsins

Umhverfisnefnd leggur til þær breytingar að byggingaleyfi vegna virkjanna verði veitt af byggingafulltrúa að fengnu samþykki sveitarstjórnar. SI leggja gegn þessari breytingartillögu og telja að sú þekking sem verður til staðar hjá Byggingastofnun ætti að tryggja betur að vel og vandlega verði að verki staðið við



byggingu slíkra mannvirkja heldur en ef leyfin verði veitt af byggingarfullnægja og sveitarstjórn.

6. Breytingar á 33. gr. og umfjöllun nefndarinnar um 34. gr. frumvarpsins

Samtök iðnaðarins

SI gera ekki athugasemdir við breytinguna á 33. gr. en benda á að mismunur er á hvernig unnið hefur verið eftir nógildandi byggingareglugerð hvað varðar úttektir. Stöðuúttekt hefur aðallega verið notuð við meistaraskipti á byggingaframkvæmdum og nokkur misbrestur hefur verið á því að gerðar hafi verið lokaúttektir. Það er skoðun SI að þær úttektir sem kveðið er á um í frumvarpinu séu fullnægjandi, þ.e. áfangaúttekt, öryggisúttekt og lokaúttekt.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Sigurður B. Halldórsson, hrl.